



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Skólaliði

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS (EN)

School assistant

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- aðstoðar nemendur, m.a. í frímínútum, í matsal, í búningasklefum, annast gangavörslu og gæslu á útisvæði
- gegnir mikilvægu hlutverki sem fyrirmynd, getur lesið í aðstæður og brugðist við með viðeigandi hætti hverju sinni
- setur sig inn í sérstakar aðstæður hvers nemanda og er fær um að sinna nemendum með ólíkar þarfir
- aðstoðar nemendur með fatnað og hefur eftirlit með munum þeirra
- býr yfir góðri samskiptafærni, sýnir umhyggju og getur átt uppbyggileg samskipti við börn, samstarfsfólk, aðstandendur og forráðamenn
- annast ræstingar og tryggir að til séu rétt og næg aðföng
- er fær um að vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og geta forgangsraðað verkefnum eftir því sem við á
- sýnir siðferðisvitund og gætir þagmælsku í störfum sínum
- þekkir lög og reglugerðir sem starf hans heyrir undir og fylgir þeim í daglegu starfi
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók, þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum
- er fær um að tileinka sér nýjungar í starfi og er meðvitaður um mikilvægi þess.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Skólaliðar vinna í grunnskólum. Þeir vinna við uppeldis- og þjónustustörf sem hafa að markmiði velferð og vellíðan nemenda. Skólaliðar eiga samskipti við börn, foreldra, kennara og stjórnendur og eru í tengslum við allar starfsstéttir skólans. Skólaliðar gæta nemenda og leiðbeina þeim, ýmist með kennurum eða í fjarveru þeirra. Þeir aðstoða kennara við störf þeirra og sinna nemendum inni og úti. Þeir vinna með kennurum í vettvangsferðum nemenda, veita nemendum með sérþarfir aðstoð og sitja yfir í prófum. Skólaliðar aðstoða í eldhúsi skóla og eru nemendum til aðstoðar í matartímum. Þeir sinna nemendum við breytilegar aðstæður, annast gangavörslu, útivörslu og eru til staðar fyrir nemendur í búningasklefum. Skólaliðar annast daglega ræstingu og halda húsnæði skólans hreinu og snyrtilegu samkvæmt reglum skólans. Þeir hafa umsjón með hreingerningartækjum og sjá til þess að réttar birgðir séu til af efnum og tækjum til þrifa.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfböðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRÍÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 1. þrep – EQF 2. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Viðbótarnám til stúdentsprófs	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er tvær annir í skóla að meðtalinni þriggja vikna starfsþjálfun í grunnskóla.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:
www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is